

**Hús Ásgríms Jónssonar / Home of an Artist**

Ásgrímur Jónsson lést árið 1958 og ánafnaði íslensku þjóðinni öll eftirlátin listaverk sín ásamt húseign að Bergstaðastræti 74 í Reykjavík sem nú er opin almenningi. Í húsinu gefst nánd við liðinn tíma og við listamann sem var einn frumherja íslenskrar málaralistar. Heimsókn í hús Ásgríms Jónssonar skapar einlæga mynd af hvernig listamaður helgar sig listsköpuninni.

On his death in 1958 Ásgrímur Jónsson bequethed all his works that remained in his possession to the Icelandic nation, along with his home/studio at Bergstaðastræti 74 in Reykjavík. Now part of the National Gallery of Iceland, the building is open to the public as Home of an Artist, showcasing the life and work of Ásgrímur Jónsson, one of the pioneers of Icelandic paining.

www.listasafn.is



**Styrktaraðilar verkefnisins:**

Uppbyggingarsjóður Suðurlands og Safnaráð



**Listasafn Árnesinga /LÁ Art Museum**

Listasafnið er staðsett í Hveragerði og býður upp á fjölbreyttar og metnaðarfullar sýningar sem veita gott aðgengi að myndlistararfi þeim sem það varðveitir. Í stofngjöf til safnsins eru fjölmörg verk eftir Ásgrím Jónsson.

LÁ Art Museum is situated in Hveragerdi, south Iceland. It is an art museum that preserves a small collection of modern and contemporary art. The foundation gift to the museum includes a collection of works of art by Ásgrímur Jónsson.

www.listasafnarnesinga.is



**Byggðasafn Árnesinga**

Byggðasafn Árnesinga er á Eyrarbakka og er með sýningarhald í þyrpingu bygginga þar sem kjarninn er Húsið. Ásgrímur Jónsson var vikapiltur hjá kaupmannsfjölskyldunni í Húsinu frá fermingaraldri. Húsið er eitt af elstu húsum landsins byggt árið 1765.

The Árnessýsla Heritage Museum in Eyrarbakki holds it's exhibition in Húsið (The Merchant's house) and a cluster of buildings around it in The Merchant's House at Eyrarbakki. Húsið is one of Iceland's oldest house built in 1765.

www.byggdasafn.is

# Ásgrímsleiðin



**Ásgrímsleiðin er samstarfsverkefni þriggja safna og snýst um að minna fólk á einn fremsta listamann þjóðarinnar sem fæddist í Árnessýslu.**

Ásgrímur's Way is a collaboration between three museums, which are uniting to commemorate artist Ásgrímur Jónsson, who was born in the county of Árnessýsla.

**Ásgrímur Jónsson (1876-1958) er einn brautryðjenda íslenskrar myndlistar og varð fyrstur íslenskra málara til að gera myndlistina að aðalstarfi. Ásgrímur fæddist 4. mars 1876 í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa.**

**Íslensk náttúra var frá upphafi aðalviðfangsefni Ásgríms og með starfi sínu lagði hann grunninn að íslenskri landslagslist.**

Ásgrímur Jónsson (1876-1958) was one of the pioneers of Icelandic visual art and the first Icelandic painter to make art his main profession. He was born on March 4, 1876 on the farm of Suðurkot in Rútsstaðahverfi, in Flói region of south Iceland. From the outset Icelandic nature was Ásgrímur's priniciple subject, and his work formed the foundation of Icelandic landscape art.